

Ísafjarðarbær
Guðmundur Rafn Kristjánsson
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 24. október 2023
UST202310-266/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2009-2020 og nýtt deiliskipulag - Hvítisandur í landi Þórustaða

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2009-2020 og nýju deiliskipulagi fyrir Hvítisandur í landi Þórustaða.

Í greinargerð kemur fram unnið er að undirbúningi baðstaðar í Holtsfjöru í landi Þórustaða, en í dag er Holtsfjara vinsæl til útivistar en þar eru hvítir sandar í stórbrotnu umhverfi. Auk þess kemur fram að áætlað er að nýta núverandi aðkomuveg að Holtsbryggju sem aðkomu að baðstaðnum og nýta gömlu malbikuðu flugbrautina fyrir aðkomu og bílastæði. Einnig kemur fram að núverandi vegaslóði frá flugbrautarenda niður í gamla sandnámu í Holtsfjöru verði nýttur sem aðkoma gesta frá bílastæðinu að böðunum og sjálf böðin eru áformuð í gamalli sandnámu sem þarna er í fjörunni. Því gengur breytingin út á að skilgreina svæði fyrir verslunar- og þjónustu og minnkar landbúnaðarsvæði/óbyggt svæði sem því nemur.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana nema stofnunin leggur áherslu á að fjallað sé um fráveitumál og vatnstöku.

Fráveita

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillöggunni áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja og heimsækja verslunarsvæðið að jafnaði. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um umfang fráveitu, þ.e. hversu mörgum persónueiningum það skal anna með tilliti til fjölda gesta og eðlis hreinsivirkja. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur